

Kæru foreldrar og forráðamenn

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum verður skólahald með breyttu sniði næstu fjórar vikur. Hverjum skóla er uppálagt að útfæra starfsemi sína eftir því sem við á. Hér koma upplýsingar um starfsemi leikskólans næstu fjórar vikur.

Við höfum skipt barnahópnum og starfsmannahópnum í tvennt og hver hópur mætir í leikskólann annan hvorn dag. Með þessu móti getum við farið að tilmælum Almannaþingarinnar þess efnis að minnka hópa og að halda börnum eins aðskildum og kostur er. Einnig verður breytt vinnulag hvað varðar þrif og þar er fylgt verkferlum sem koma frá stjórnvöldum. Skólahald verður frá 8:00 til 15:00 alla virka daga og hver hópur mætir annan hvern dag. Hópaskipting er í meðfylgjandi skjali.

Hópur B mætir í leikskólann á morgun, hópur A mætir á miðvikudag og svo koll af kolli. Hóparnir mæta því mánudag, miðvikudag og föstudag aðra vikuna en þriðjudag og fimmtudag hina vikuna.

Kæru foreldrar og forráðamenn hér koma atriði sem við biðjum ykkur sérstaklega að tileinka ykkur við þessar kringumstæður.

Aðgengi foreldra einskorðast við fataherbergi og að ekki séu margir foreldrar þar með börnunum í einu. Mikilvægt er að foreldrar noti handspritt sem staðsett er í fataherbergjum þegar þeir koma í hús.

Fatahólf skulu tæmd eftir hvern dag.

Börn komi ekki með leikföng, barnavagna eða aðra hluti að heiman í leikskólann.

Snuð barnanna eru geymd í leikskólanum.

Hafi börn flensueinkenni s.s. kvef eru foreldrar beðnir um að halda þeim heima.

Upplýsingar til foreldra fara fram í gegnum tölvupósta frá stjórnendum leikskólans.

Mikilvægt er að sami aðili komi með og sæki barnið í leikskólann alla daga til að fækka þeim sem koma inn í leikskólann.

Foreldrar sem kost eiga á eru hvattir til að halda börnum sínum heima og láta leikskólann vita eins fljótt og auðið er.

Bestu kveðjur

Skólastjórnendur